



Í blaðinu:

- * Viðtal við Hildi Halldóru
- * 3 íþróttagellur spurðar
- * Uppskrift vikunnar
- * Sturlaðar staðreyndir
- * Skoðunarkönnun
- * Spurning dagsins
- * Spurningakeppni!

Spurningakeppni!

Spurningar:

1. Hver var fyrsti forseti Íslands? - Sveinn Björnsson
2. Hvað kallast þjóðsöngur Íslands? - Lofsöngur
3. Hvað heitir aðalleikarinn í nýju Bond myndinni? - Daniel Craig
4. Til hvers hringir maður í 1818? - Til að fá upplýsingar um allskonar hluti
5. Hvaða nöfn eru algengust á stelpum og strákum á Íslandi? - Jón og Guðrún
6. Hvað heitir stærsta land í heiminum? - Rússland
7. Hvað er hringur margar gráður? - 360°
8. Hvernig fallbeygir þú „kýr“ - Kýr-Kú-Kú-Kýr
9. Hvað tákna bleika slaufan? - Til styrktar og vekja athygli á brjóstakrabbameini
10. Hver keppti fyrir Íslands hönd í Eurovision árið 2009? - Jóhanna Guðrún

00 Aþena


1. Jón Sigurðsson
2. Fjögralaufablaðasmári
3. James Bond
4. Til að fá númer
5. Guðrún og... Jón
6. Rússland
7. 180°
8. Kýr-Kú-Kú-Kýr
9. Styrkja brjóstakrabbamein
10. Jóhanna Guðrún

02 Ólöf

1. Bara veit það ekki
2. Veit það ekki
3. Veit ekki
4. Til að vita hvar eth á heima
5. Jón og Anna
6. Rússland
7. 360°
8. Kú-Kú-Kýr-Kú
9. Krabbameins eitthvað
10. Veit það ekki

Deildarstjóri – Sesselja

1. Sveinn Björnsson
2. Ó guðs vors land
3. Daniel Craig
4. Fá upp símanúmer
5. Guðrún og Jón
6. Canada
7. 18° (Ekki stafsetningarvilla!)
8. Kýr-Kú-Kú-Kýr
9. Til að berjast gegn brjóstakrabbameini
10. Hef ekki sko grænan!



Spurning dagsins:

„Hverning fannst þér nýja lagið hjá Adele?“

Gunnar, 10.ÓKJ = „Það er hellað lag.“

Móa, 10.HP = „Það er mjög flott og mig hlakkar til að heyra restina af plötunni.“

Sigurbjörg, 10.EE = „Mér fannst það ótrúlega flott.“

Regína, 10.EE = „Mér finnst það flott en svolítið ofspilað.“

Steinunn, 10.ÓKJ = „Mér finnst það flott, miðað við að hún er ekki búin að gefa út lag í foreva.“

Elín Ása, 10.EE = „Mér fannst það mjög gott, það er mjög grípandi.“

Eydís Elfa, 10.HP = Fannst það gott, það er öðruvísi en gömlu login hennar.“

Anton Örn, 10. ÓKJ = „Það er sæmilegt.“

Beta, kennari í efstu deild = „Hef bara ekki heyrt það.“

Emma, 10.ÓKJ = „Það er fkn gott.“

Mikael, 10.HP = „Mjög vel gert hjá henna að slá metið í mestu áhorfum á einum degi.“

Viðtal við Hildi Halldóru eftir Ingibjörgu Sólveigu og Dagnýju Dögg

Spurningar:

1. Afhverju ákvaðstu að vera kennari?

Því það var það nám sem var í boði á þeim tíma. En ég hafði samt verið að skoða þetta nám fyrir því ég hafði kennara á unglinaárum sem vakti áhuga minn á kennara-starfinu.

2. Hvaða framhaldsskóla fórstu í?

Menntaskólinn við Hamrahlíð

3. Hvaða háskóla fórstu í?

KHÍ Kennara Háskóla Íslands.

4. Hversu langt nám fórstu í?

Það var svona þrjú og hálf ár.

5. Hvernig finnst þér að það sé búið að lengja námið frá 3 árum yfir í 5 ár?

Mér finnst það fínt námsins vegna en of mikið nám fyrir svona lítil laun.

6. Hvað langaði þig að verða á yngri árum?

Mig langaði að verða leikari.

7. Hvað hefurðu verið lengi kennari í Lágafellsskóla?

Frá 2003.

8. Hvað er það fyndnasta sem þú hefur lent í sem kennari?

Ekkert sérstakt það er bara svo margt. “En ég er líka oft kannski stundum fyndin”.

9. Hvernig dítaru við hegðunar vandamál hjá nemendum?

Það er mjög misjafnt fer eftir hver það er. “Stundum er ég grimm og stundum drep ég fólk úr góðmennsku”

10. Hver er uppáhalds nemandinn þinn?

Nei, ég held bara að allir nemandur séu uppáhalds.

11. Hvaða ár fékkstu fyrsta símann þinn?

Það var sennilega 2003.

12. Hvað gerirðu í frítíma þínum?

“Ég geri handavinnu og stundum mála ég og geri svona grafík málverk”. Sinni fjölskyldunni á sumrin fer ég mikið í útileigur

13. Ertu með tattoo?

“Nei og hef einsett mér að fá mér ekki tattoo, af því mér finnst eins og allir séu að fá sér tattoo og mér langar að vera svolítið öðruvísi”

14. Eitthvað að lokum?

“Verum glöð”, syngjum og brosum.

Verstu tiskuslys hjá stjórnunum!

Okkur finnst kannski að stjórnurnar séu alltaf rosa flottar og eiga mjög flott föt en hérna eru nokkur verstu tiskuslys hjá stjórnunum!



Viðtal við þrjár íþróttastelpur!

Póra 10.HP

Íþrótt: Handbolti

Hvað ertu búin að æfa lengi?

Þetta er 4 árið mitt

Hvað fékk þig til að byrja?

Horfði á einhverja æfingu hjá strákum jafn gamlir og ég svo horfði ég líka á í sjónvarpinu

Sérðu þig í þessu í framtíðinni?

Já

Áttu þér eitthvað idol?

Já ég myndi segja Karen Knútsdóttir og pabbi

Hvað æfiru oft í viku?

Ég æfi 5 sinnum

Hefuru/ertu að æfa aðrar íþróttir?

Já, ég æfði fimleika í 8 ár



Steinunn 10.ÓKJ

Íþrótt: Blak

Hvað ertu búin að æfa lengi?

Í 5 ár

Hvað fékk þig til að byrja?

Vinkonur mínar voru í þessu svo ég ákvað að prófa

Sérðu þig í þessu í framtíðinni?

Já ég geri það

Áttu þér eitthvað idol?


Hún vill ekki láta nafngreina sig

Hvað æfiru oft í viku?

8 sinnum í viku, er að æfa með tveimur flokkum; meistara og 3.

Hefuru/ertu að æfa aðrar íþróttir?

Já, dans og fimleika



Valdís Ósk 10.HP

Íþrótt: Karate

Hvað ertu búin að æfa lengi?

Í 4 ár

Hvað fékk þig til að byrja?

Mig vantaði bara að æfa eitthvað

Sérðu þig í þessu í framtíðinni?

Jamm

Áttu þér eitthvað idol?

Já hún heitir Thelma Rut og er yndislegur nemandi í þessum skóla!

Hvað æfiru oft í viku?

5 sinnum

Hefuru/ertu að æfa aðrar íþróttir?

Ég átti mína fimleikatíð, svo var ég sundkappi og æfði líka fót-bolta



Taco-flétta að hætti heimilisfræði valsins:

- ◆ 1 rúlla tilbúið pizzadeig (t.d. Wewalka, líka hægt að búa til frá grunni.)
 - ◆ 6-700 gr hreint ungnautahakk
 - ◆ 1 rauðlaukur, smátt skorinn.
 - ◆ 3 msk tilbúið tacokrydd úr poka
 - ◆ 1 lítil krukka salsasósa (ca. 230gr)
 - ◆ 1 límóna
 - ◆ 2-3 tómatar, skornir smátt
 - ◆ 200 gr rifinn ostur (1 poki)
 - ◆ 2 msk ólífulía
- Ofan á:*
- ◆ 4 vorlaukar, smátt saxaðir
 - ◆ Nokkrir kirsuberja-tómatar, skornir smátt
- Sýrður rjómi



Hefur þú frá einhverju áhugaverðu að segja? Villt koma einhverjum sögum, fréttum eða viðburði frá skólanum á framfæri? Komdu þá og kíktu á okkur í stofu 201 á þriðjudögum frá 14:50—16:10 og leyfðu okkur að heyrast!



Mófó tímarit er glænýtt skólablað sem mun koma út á 1-2 vikna fresti fram að jólum. Blaðið er unnið af nemendum í fjölmiðlafræðivali og er ætlað öllum árgöngum skólans jafnt og kennurum og öðru starfsfólki. Í blaðinu eru allskyns viðtöl, fréttir og fróðleikur sem tekið er úr skólanum.


Sturlaðar staðreyndir!

- Miðinn í Titanic kostaði um 12 milljónir króna
- Réttthent fólk lifir að meðaltali 9 árum lengur en örvhentir.
- Kakkalakki getur lifað í 9 daga án höfuðs áður en hann sveltur til bana.
- Augun í strútum er stærri en heilinn á þeim.
- Augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu, en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa.
- Það var einu sinni löglegt að senda krakka með pósti. Tungan í tígrisdýri getur sleikt málningu af húsum
- Það er ómögulegt fyrir svín að líta upp í himininn
- Rottur og hestar geta ekki gubbað
- Rottur fjölga sér svo hratt að á 18 mánuðum geta tvær rottur haft yfir 1000 erfingja



Skoðunarkönnun:

Við hjá blaðinu tókum formlega könnun um hver væri besti skyndibitinn á Íslandi og þetta var niðurstaðan. Dominos er með meiri hluta atkvæða og vinnur því kosninguna.



Samvera - Samvinna - Samkenndin